

8. bekk og má þá draga úr kennslu í öðrum greinum á meðan, eftir mati skólastjóra, en aukinn kostnaður sem hugsanlega hlýst af þessu fellur á viðkomandi sveitarfélag. Athygli skal vakin á að til þess að forðast aukin útgjöld af þessu, þarf að tilkynna þeim kennurum, sem eiga að minnka kennslu meðan á námskeiði stendur um þá ráðstöfun um leið og stundaskrár eru afhentar og draga úr greiðslum til þeirra sem þessu nemur. Þetta tekur aðeins til yfirvinnu og stundakennslu.

3) Um valgreinar í 8. bekk, sjá eftirfarandi ábendingar um valgreinar í 9. bekk. Valgreinar í 9. bekk skulu vera þessar:

a) Saga, félagsfræði og landafræði	4 stundir
b) Líffræði, eðlis- og efnafræði	4 —
c) Mynd- og handmennt	4 —
d) Aðrar greinar	8 —

Í flokknum aðrar greinar eru m. a. þessar:

Kynning atvinnuvega,
viðskiptagreinar,
vélfærði,
heimilisfræði,
tækniteiknun,
saumar,
smíðar,
vefnaður.

Nánari upplýsingar um kennslu í þessum greinum fylgja námsskrá. Nemendur skulu velja annað hvort sögu, félagsfræði og landafræði 4 st. eða líffræði, eðlis- og efnafræði 4 st. Þar að auki skulu þeir velja greinar skv. c- og d-lið 8 st. minnst og 12 st. mest.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda eigi vera lægri en 17 og í einstökum námshópum skulu eigi vera færri nemendur en 12.

Menntamálaráðuneytið, 10. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.


AUGLÝSING

um fólkvang við Álfaborg í Borgarfirði eystra, Norður-Múlasýslu.

Að tillögu hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið að friðlýsa Álfaborg í Borgarfirði eystra með nokkurri spildu umhverfis eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti. Hefur svæðið þannig verið fellt að skipulagi Bakkagerðiskaupsins og er friðað sem fólkvangur samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Takmörk fólkvangsins eru sem hér segir:

Mörk svæðisins mynda sexhyrning um Álfaborg og nær það frá aðalgötu um kaupsínið samkvæmt uppdrætti 465 metra til suðvesturs en er breiðast 265 metra (milli horna).



Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólk er þar heimil för enda gangi menn snyrtilega um og varist að skerða gróður og raska jarðmyndunum.
 2. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins sem verður girtur fjárheldri girðingu innan árs frá gildistöku þessarar friðlýsingar.
 3. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil.
 4. Breytingar á landi, mannvirkjagerð og jarðrask er bannað nema eftir skipulagi sem Náttúruverndarráð hefur samþykkt.
 5. Heimilt er að planta á svæðið trjágróðri að ráði kunnáttumanna en þó ekki í sjálfa Álfaborgina þar sem haldið skal náttúrlegum gróðri.
- Eftirlit með fólkvanginum er í höndum hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thórlacius.